



Sunnulækjarskóli

Kennara vantar til að kenna hönnun- og smíði við Sunnulækjarskóla á Selfoss. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst og eigi síðar en 1. desember 2015.

Í skólanum er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólastarfinu koma. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanevndar Sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Nánari upplýsingar má fá hjá skólastjóra í síma 480-5400 og á vefsíðu skólans: <http://www.sunnulaekjarskoli.is>

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðilum sendist Birgi Edwald, skólastjóra, birgir@sunnulaek.is eða Sunnulækjarskóli, Norðurhólum 1, 800 Selfoss.

Umsóknarfrestur er til 8. nóvember 2015.

Skólastjóri



STÖÐVARSTJÓRI Á SELFOSSI

Pósturinn óskar eftir að ráða í stöðu stöðvarstjóra við pósthúsið á Selfossi. Stöðvarstjóri hefur yfirumsjón með allri starfsemi Póstsins á svæðinu á sviði afgreiðslu, vinnslu og dreifingar. Frumkvæði og verkstjórnarhæfileikar nauðsynlegir.

Menntun/reynsla

- Menntun sem nýtist í starfi, stúdentspróf og/eða rekstrarreynsla.
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta skilyrði.
- Bókhaldbækking kostur.
- Sjálfstæði, nákvæmni og öguð vinnubrögð ásamt jákvæðni og ríkri þjónustulund.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf þann 4. janúar 2016. Umsóknarfrestur til 20. nóvember 2015.

Nánari upplýsingar gefur Anna María Guðmundsdóttir í síma 4214300 eða í netfanginu annam@postur.is.

Hægt er að sækja um starfið á umsóknarvef Póstsins: umsokn.postur.is

Fjármál – Sérfræðingur í Reikningshaldi

Landsbankinn óskar eftir að ráða sérfræðing í reikningshaldi til starfa á Fjármálasvið bankans. Reikningshald ber ábyrgð á fjárhagsbókhaldi bankans og annast meðal annars árshluta- og ársuppgjör samstæðu bankans.

Helstu verkefni

- » Stýra innleiðingu á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum
- » Uppgjör og greiningarvinna
- » Gerð árs-/árshlutareiknings samkvæmt kröfum alþjóðlegra reikningsskilastaðla
- » Önnur tilfallandi störf tengd uppgjörum og greiningarvinnu

Menntunar- og hæfniskröfur

- » Háskólamenntun í viðskiptafræði eða sambærilegu námi
- » Þekking á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS)
- » Reynsla af stjórnun verkefna
- » Þekking og reynsla af vinnu uppgjörs
- » Reynsla af samstæðuuppgjörum
- » Nákvæm, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- » Góð samskiptahæfni

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Margrét L. Hrafnkelsdóttir, forstöðumaður Reikningshalds, í tölvupósti margret.l.hrafnkelsdottir@landsbankinn.is eða í síma 410 7824 og Bergþóra Sigurðardóttir hjá Mannauði í tölvupósti bergsig@landsbankinn.is eða í síma 410 7907. Umsókn merkt „Reikningshald“ fyllist út á vef bankans. Umsóknarfrestur er til og með 8. nóvember nk.



Fjármálastjóri samstæðu

Alþjóðlegt fyrirtæki í sérhæfðri fjármálastarfsemi óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling í starf fjármálastjóra samstæðu. Fyrirliggjandi eru mörg krefjandi verkefni og viðkomandi mun fá tækifæri til þess að móta starfið. Í boði er spennandi starf fyrir réttan einstakling.

Starfssvið:

- Fagleg forysta og verkstjórn á daglegum verkefnum fjármála fyrirtækisins
- Ábyrgð á daglegri umsýslu fjármála, bókhalds og upplýsinga
- Umsjón með fjárhagsáætlanagerð, frávikagreiningum og kostnaðareftirliti
- Regluleg skýrslugerð til stjórnenda
- Ábyrgð á gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana, fjárhagslegar úttektir og greiningar
- Þátttaka í stefnumótun og nýsköpun á sviði fjármála og fjárreiða sem og endurskipulagningu rekstrar
- Þátttaka og stýring verkefna á sviði verðmata, kaup og sölu fyrirtækja
- Aðstoð við samningagerð og önnur fjármálatengd verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði viðskipta eða rekstrar skilyrði
- Framhaldsmenntun á sviði fjármála eða endurskoðunar skilyrði
- Haldgóð reynsla og þekking af sambærilegum verkefnum
- Mjög góð þekking á reikningshaldi, uppgjörum og áætlanagerð
- Reynsla af kaup og sölu fyrirtækja, gerð verðmata og áhættugreininga
- Þekking á rekstri fyrirtækja mjög æskileg
- Góð tölvukunnátta skilyrði sem og góð enskukunnátta

Starf fjármálastjóra samstæðu reynir mikið á leiðtogahæfileika, getu til samvinnu, reynslu af samningagerð, skilning á flóknum fjármálagjöringum, frumkvæði og nýsköpun í starfi.

Umsóknarfrestur er til og með 8. nóvember næstkomandi.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Ragnheiður Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent.

capacent

Capacent Ráðningar

Ráðgjafar Capacent búa yfir viðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt. Kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is

capacent



Naust Marine ehf var stofnað árið 1993 með það að markmiði að þróa og markaðsetja búnað fyrir sjávarútveg og annan iðnað.

Aðalverkefni fyrirtækisins til þessa er þróun og framleiðsla á sjálfvirku togvindukerfi sem við köllum ATW Catch Control.

Hjá okkur starfa 26 starfsmenn, hver og einn með sérfræðiþekkingu á sínu sviði. Sérfræðingar okkar vinna við krefjandi verkefni í samhentum hóp sem leggur áherslu á gott skipulag og stöðugar úrbætur. Gætir þú verið góð viðbót á okkar vinnustað?

Ferilsskrá ásamt kynningarbréfi berist fyrir 9. nóvember 2015 til Bjarna Þórs. Sendist til Naust Marine, Miðhelli 4, 221 Hafnarfjörður eða á netfangið bjarni@naust.is

Öllum umsóknum verður svarað.

Sérfræðingur á rafmagnssviði

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði tæknifræði, verkfræði, iðnfræði eða sambærilegt nám
- Þekking á forritun iðnstýrivéla, rafstýrðum hraðabreytum og CAD teikniforritum
- Góð enskukunnátta
- Sjálfstæð vinnubrögð og útsjónarsemi við lausn verkefna

Viðkomandi þarf að vera tilbúinn að ferðast og starfa erlendis á vegum fyrirtækisins, jafnvel með skömmum fyrirvara.

Merkið umsóknina "Sérfræðingur á rafmagnssviði"

Rafvirki í framleiðsludeild

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Lágmark 2 ára starfsreynsla
- Góð enskukunnátta
- Sjálfstæð vinnubrögð og útsjónarsemi við lausn verkefna

Merkið umsóknina "Rafvirki í framsleiðsludeild"



Vilt þú starfa
hjá leiðandi
tæknifyrirtæki
í sjávarútvegi?

Ert þú öryggið uppmálað?

Spennandi störf í flugverndardeild
Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar

Rekstrarfulltrúi í flugvernd

Leitað er að öflugum rekstrarfulltrúa sem er skipulagður, með lipra og þægilega framkomu og getur unnið undir álagi. Gerð er krafa um háskólamenntun sem nýtist í starfi og reynsla af verkefnastjórnun og rekstri er kostur.

Upplýsingar um starfið veitir Árni Gísli Árnason, deildarstjóri flugverndar, arni.arnason@isavia.is

Umsóknarfrestur til og með **15. nóvember**.

Helstu verkefni:

- Verkefnastjórn úrbóta og umbótaverkefna í rekstri
- Ferlagerð og rekstrargreiningar
- Þátttaka í áætlanagerð
- Samskipti við notendur flugvallarins

Framtíðar- og sumarstörf í öryggisleit

Við leitum að einstaklega þjónustulundduðum, glaðlyndum, snyrtilegum og reyklusum einstaklingum sem hafa góða samskiptahæfileika, lipra framkomu og geta unnið undir álagi. Um er að ræða vaktavinnu og óskað er eftir starfsfólki bæði í hluta- og heilsdagsstörf.

Starfið felst m.a. í vopna- og öryggisleit ásamt eftirliti í og við Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli.

Viðkomandi verður að vera 20 ára eða eldri. Allir umsækjendur þurfa að geta sótt undirbúningsnámskeið í tvær vikur áður en þeir hefja störf.

Hæfniskröfur:

- Hafa gott vald á íslenski og enski tungu bæði rituðu og mæltu máli
- Hafa rétta litaskynjun
- Lágmark tveggja ára framhaldsskólanám eða sambærilegt nám er kostur
- Góð þjónustulund

Umsóknir

Framtíðarstörf — umsóknarfrestur til og með **15. nóvember**. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf í byrjun árs 2016.

Sumarstörf — umsóknarfrestur til og með **30. nóvember**. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf í maí 2016.

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð á www.isavia.is/atvinna



Gildi Isavia eru öryggi, þjónusta og samvinna

Hjá Isavia og dótturfélögum starfa um 1.100 manns. Helstu verkefni fyrirtækisins eru umsjón með uppbyggingu og rekstri flugvalla og að veita flugleiðsögubjónustu fyrir innanlandsflug, jafnt sem millilandaflug, auk yfirflugsþjónustu fyrir Norður-Atlantshafið. Isavia leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.



Join us in solving the airline industry's biggest data challenges!



Sabre® Iceland is looking for software engineers and business analysts to join our team. You will be working on our flagship product called Sabre Intelligence Exchange™, which is the airline industry's first and only real-time data integration and analytics platform. The platform serves as the IT foundation to over 50 airlines around the world, to build innovative apps and optimize their business.

Senior Software Developer

Work in an agile team of developers and testers on extending and maintaining the Intelligence Exchange platform. This involves object oriented design, coding in Java, and familiarity with SQL. You will be collaborating with teams in Iceland, and also with developments teams based in other countries.

Senior Business Analyst

Work with airlines around the world to understand their revenue challenges and use technical and analytical skills to find creative solutions. You will also be responsible for delivering our solutions including testing, training and value measurement. Requires some international travel.

Senior DevOps Engineer

Be part of a cross cultural operations team practicing DevOps and Continuous Delivery methods. You will be responsible for deploying, upgrading and operating the Intelligence Exchange platform. You will be working with Linux, Apache, Tomcat, Oracle, MQ Websphere, bash scripting and Java.

intellecta

Applications should be submitted at www.intellecta.is. Further information will be provided by Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) or Ari Eyberg (ari@intellecta.is) at tel 354 511 1225.

Visit our website at www.sabre.com to learn more about our company. We take pride in providing a work environment that foster innovation, collaboration, healthy work-life balance and a start-up culture.

Sabre

Vesturhlíð 7, 105 Reykjavík Tel. +354 525 9100
sabreairlinesolutions.com

Fyrirtækjasvið - Sérfræðingur á sviði mannvirkjafjármögnunar

Landsbankinn óskar eftir að ráða byggingaverkfræðing eða byggingatæknifræðing til starfa á Fyrirtækjasviði bankans. Um er að ræða verkefni með hópi viðskiptastjóra á sviði mannvirkjafjármögnunar og fasteignafjármögnunar. Viðkomandi þarf að vera talnaglöggur með starfsreynslu á þessu sviði og eiga auðvelt með að tjá sig skipulega í ræðu og riti.

Helstu verkefni

- » Yfirferð og mat á kostnaðaráætlunum
- » Eftirlit með framvindu byggingaverkefna
- » Samskipti við verktaka, lántaka og opinbera aðila
- » Skýrslugerð um einstök verkefni og framvindu þeirra

Menntunar- og hæfniskröfur

- » Háskólapróf í byggingaverkfræði eða byggingatæknifræði
- » Reynsla af eftirliti með byggingaframkvæmdum
- » Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Davíð Björnsson, forstöðumaður Mannvirkjafjármögnunar, í tölvupósti david.bjornsson@landsbankinn.is eða í síma 410 7410 og Bergþóra Sigurðardóttir hjá Mannauði í tölvupósti bergsig@landsbankinn.is eða í síma 410 7907. Umsókn merkt „Mannvirkjafjármögnun“ fyllist út á vef bankans. Umsóknarfrestur er til og með 8. nóvember nk.





Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir starfsmanni í mötuneyti í fullt starf. Sjá nánari upplýsingar á starfatorg.is.

Störf í Ferðapjónustu AD Travel auglýsir eftir starfsfólki.

Bókari / aðstoðamaður Framkvæmdastjóra

Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist
- Hefur unnið við bókhald
- Góð tölvukunnátta
- Hefur reynslu úr ferðapjónustu
- Getur unnið mikið yfir sumartímann
- Hefur gaman af því að skipuleggja
- Talar og skrifar framúrskarandi ensku, önnur tungumál kostur

Helstu verkefni:

- Bókhald – yfirferð reikninga og útgáfa reikninga
- Margvísleg önnur tilfallandi verkefni

Starf við sölu og framleiðslu ferða: Ferðaráðgjafi

Hæfniskröfur:

- Talar og skrifar mjög góða ensku eða frönsku
- Góð tölvukunnátta
- Hefur reynslu úr ferðapjónustu
- Getur unnið mikið yfir sumartímann
- Hefur gaman af því að skipuleggja
- Með ríka þjónustulund

Helstu verkefni:

- Tilboðsgerð og skipulagning ferða
- Samskipti við erlenda viðskiptavinum
- Samskipti við innlenda birgja

Áhugasamir sendi inn umsókn á daniel@adtravel.is fyrir 8. Nóvember 2015



AD Travel er ferðaskipuleggjandi sem sérhæfir sig í ferðum fyrir erlenda ferðamenn. Við erum að leita að hressum og skipulögðum starfskrafti sem vill vinna í litlu en skemmtilegu fjölskyldufyrirtæki þar sem unnið er náið með erlendum samstarfsaðilum að skapa ógleymanlega lífsreynslu fyrir viðskiptavininn.

Spennandi tímar – ertu með?

Sensa óskar eftir að ráða sérfræðinga í samhentan hóp þar sem allir eru tilbúnir að leggja sitt af mörkum til að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu. Leitað er að samvisskusömum og metnaðarfullum einstaklingum til að annast og halda utan um núverandi viðskiptavinum auk þess að afla nýrra verkefna hjá núverandi og væntanlegum viðskiptavinum.

Tæknilegur sérfræðingur (innviðir)

Leitað er að sérfræðingi á sviði gagnageymslna (e. Storage). Hlutverk tæknilegra sérfræðinga hjá Sensa er að koma sér upp og viðhalda djúpri þekkingu á sínu sviði. Tæknilegur sérfræðingur kemur að rekstri, þarfa- greiningu og ráðgjöf um virðisaukandi lausnir fyrir viðskiptavinum.

Ákjósanlegir eiginleikar (ekki skilyrði):

- Reynsla af og þekking á netþjónum, diskastæðum og afritun
- Þekking á netkerfum, SAN og FC
- Starfstengdar gráður t.d. Cisco eða Netapp
- Sjálfstæð vinnubrögð

Sölusérfræðingur

Hlutverk sölusérfræðings hjá Sensa er að koma sér upp djúpri og viðamikilli þekkingu á þeim lausnum sem fyrirtækið hefur valið til að hjálpa viðskiptavinum sínum að ná árangri.

Viðskiptastjóri

Hlutverk viðskiptastjóra hjá Sensa er að byggja upp og viðhalda traustu og heilbrigðu viðskiptasambandi við viðskiptavinum fyrirtækisins.

Helstu verkefni:

- Dagleg samskipti við viðskiptavinum
- Samskipti við birgja
- Ráðgjöf og tilboðsgerð
- Eftirfylgni og lokun sölutækifæra

Ákjósanlegir eiginleikar:

- Háskólamenntun á sviði viðskipta og/eða upplýsingatækni er kostur
- Áhugi og reynsla af tæknigeiranum eða af sölu og ráðgjöf getur komið í stað faglegrar menntunar

Ef þú telur þig hafa það sem þarf til að ná árangri í krefjandi umhverfi þá vinsamlega sendu okkur upplýsingar um þig á starf@sensa.is. Umsóknnum þarf að skila inn fyrir 9. nóvember nk. Allar umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Ármúla 31 – 108 Reykjavík – S. 425 1500 – www.sensa.is

sensa

Sensa er í fararbroddi í hýsingar-, rekstrar- og samskiptalausnum þar sem sterk liðsheild, hátt þekkingarstig og verðmæt viðskiptasambönd spila stórt hlutverk. Sensa er Cisco Gold Partner og stærsti sölu- og þjónustuaðili Cisco samskiptabúnaðar á Íslandi. Þá er Sensa eini samstarfsaðili Microsoft á Íslandi sem er með Premier samning. Mikil áhersla er lögð á velferð starfsmanna, góðan starfsanda og hvetjandi og skemmtilegt starfsumhverfi, m.a. með því að veita starfsmönnum tækifæri til að vaxa með þjálfun og símenntun. Sensa leggur áherslu á vönduð og fagleg vinnubrögð og hefur ávallt þáfir viðskiptavinum í fyrirrúmi.



Urðarapótek óskar eftir að ráða starfsmann í afgreiðslu. Í boði er fjölbreytt og lifandi starf í skemmtilegu umhverfi.

Starfssvið:

- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum
- Frágangur lyfja og vöru
- Umsjón með verslun
- Önnur tilfallandi störf

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla úr apóteki er kostur en ekki skilyrði
- Gott viðmót og rík þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Áreiðanleiki og snyrtimennska

Upplýsingar veitir:

Kristín Guðmundsdóttir
kristin@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 8. nóvember nk.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

» Ráðningarþjónusta

Tokyo Sushi óskar eftir að ráða metnaðarfulla og vandvirka einstaklinga í starf vakstjóra og starfsmanns í sal.

Vaktstjóri

Um vaktavinnu er að ræða og er unnið frá kl. 10:45 til kl. 21:30. Unnið er tvo daga aðra vikuna og fimm daga hina.

» Starfssvið

- Þátttaka í almennum störfum
- Ábyrgð á þjónustu og gæðum á sinni vakt
- Umsjón með starfsfólki
- Umsjón með uppgeiri

» Hæfniskröfur

- Skipulag- og leiðtogahæfileikar
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Dugnaður og metnaður í starfi

Starfsmaður í veitingasal

Vinnutími er frá kl. 12:00 til kl. 21:30 mánudaga og frá kl. 12:00 til kl. 20:00 þriðjudaga til föstudaga.

» Starfssvið

- Almenn afgreiðsla
- Þjónusta við viðskiptavinum
- Aðstoð í uppvaski og þrifum

» Hæfniskröfur

- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Dugnaður og metnaður í starfi

Veitingastaðir Tokyo Sushi eru staðsettir í Glæsibæ og á Nýbýlavegi.



Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is



Dalabyggð

Deildarstjóra vantar

Laus er staða deildarstjóra við leikskóladeild Auðarskóla. Auðarskóli, sem er samrekin leik-, grunn- og tónlistarskóli, er staðsettur í Búðardal. Einkunnarorð skólans eru: Ábyrgð – Ánægja – Árangur. Leikskólinn er tveggja deilda og að jafnaði dvelja þar 35 – 40 börn frá 12 mánaða aldri. Húsnæði leikskólans er nýlegt og aðstaða og aðbúnaður góður. Næsti yfirmaður er aðstoðarleikskólalastjóri.

Við leitum að einstaklingi sem er jákvæður, skapandi og hefur hæfileika til að virkja krafta starfsfólks til góðra verka.

Hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Áhugi og metnaður fyrir faglegu leikskólastarfi
- Skipulagshæfni
- Frumkvæði
- Sjálfstæði í vinnubrögðum

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Kennarasambands Íslands.

Umsóknarfrestur er til og með 9. nóvember.

Nánari upplýsingar veitir Eyjólfur Sturlaugsson skólalastjóri í síma 899-7037. Umsóknir ásamt ferilsskrá sendist á netfangið eyjolfur@audarskoli.is

DEILDARFORSETI MYNDLISTARDEILDAR

Umsóknarfrestur er framlengdur til 13. nóvember

Listaháskóli Íslands leitar eftir metnaðarfullum einstaklingi með sterka listræna sýn og góða samskipta- og leiðtogahæfni til að leiða áframhaldandi uppbyggingu háskólamenntunar á sviði myndlistar. Deildarforseti fer með yfirstjórn deildarinnar, stýrir akademísku starfi hennar og ber ábyrgð á rekstri, auk þess að sitja í framkvæmdaráði skólans.

Starfsumhverfið er gefandi og kraftmikið þar sem um 120 nemendur stunda nám á BA og MA stigi undir handleiðslu framúrskarandi myndlistarmanna og annarra sérfræðinga. Fastráðnir starfsmenn eru um 15 og árlega starfa um og yfir 100 stundakennarar og gestir við deildina.

Hæfi umsækjanda verður metið í samræmi við reglur Listaháskóla Íslands um veitingu akademískra starfa, sjá nánar á heimasíðu skólans: www.lhi.is/skolinn/stjornsysla/log-og-reglur/. Hæfir umsækjendur, verða m.a. metnir út frá eftirfarandi kröfum á grundvelli umsóknar auk þess sem frammistaða umsækjenda í viðtölum mun hafa mikið vægi.

Listaháskóli Íslands er sjálfseignarstofnun með viðurkenningu á fræðasviðinu listir.

Skólinn starfar í fimm deildum: myndlistardeild, hönnunar- og arkitektúrdeild, tónlistardeild, sviðslistadeild og listkennsludeild. Starfsstöðvar skólans eru fjórar, við Pverholt, Sölvhólsgötu, Austurstræti og Laugarnesveg í Reykjavík.

Aðalskrifstofan í Pverholti 11 er opin alla virka daga kl. 9–15.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- > Meistaragráða á fræðasviði myndlistar eða sambærileg menntun.
- > Reynsla af akademísku starfi og kennslu á háskólastigi.
- > Reynsla af stjórnun.

Deildarforseti skal hafa prófessorshæfi.

Með umsókn skulu fylgja eftirfarandi gögn:

- > Starfsferilsskrá.
- > Staðfest afrit af námsferli.
- > Greinargerð um fyrri störf og reynslu af akademísku starfi.
- > Greinargerð um sýn umsækjanda á starfið, þar sem fram koma viðhorf til háskólamenntunar á sviði myndlistar og framtíðarsýn. Hámark 1500 orð.
- > Meðmæli eða umsagnir um fyrri störf umsækjanda.

Vinsamlegast skilið umsóknargögnum öðrum en itarefni á stafrænu formi.

Ráðið er í starfið frá 1. janúar 2016.

Umsóknum skal skila á aðalskrifstofu skólans Þverholti 11, 105 Reykjavík, eigi síðar en föstudaginn 13. nóvember kl. 15. Nánari upplýsingar um starfið veitir Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor (frida@lhi.is), s. 552 4000. Farið verður með umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Skólinn áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts



www.hafnarfjordur.is

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJÖRÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Umhverfis- og skipulagsþjónusta óskar eftir að ráða tækniteknara til starfa í 100% starf.

Umhverfis- og skipulagsþjónusta ber ábyrgð á nýframkvæmdum og umsjón með húsnæði bæjarins, götum og opnum svæðum, fráveitu, vatnsveitu, þjónustumiðstöð, skipulagsmálum og byggingarmálum. Starfsstöð sviðsins er á Norðurhelli 2 og eru starfsmenn um 50.

Helstu verkefni:

Meðal helstu verkefna má nefna kortavinnslu og gerð mæliblaða og lóðablaða.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun í tækniteiknun
- Sérnám á skyldum sviðum kostur
- Reynsla af sambærilegum störfum æskileg, einkum kortavinnsla og vinna í landupplýsingarkerfum
- Samstarfs- og samskiptahæfni
- Þekking og kunnátta í tölvuvinnslu með AutoCad forritinu
- Þekking á Revit forritinu er æskileg
- Góð almenn tölvukunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veita Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu og Elsa Jónsdóttir landfræðingur í síma 585 5500.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsmannafélags Hafnarfjarðar. Umsóknarfrestur er til og með 14. nóvember 2015.

Sótt er um starfið á www.hafnarfjordur.is

Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.

Sterk tengsl í
íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is



SKOÐARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is



GLOBAL WEB DEVELOPER

Do you want to be a part of the Global Web Team at Össur and help inspire people across the globe to live Life Without Limitations? Being part of Össur is about being determined to raise the bar. It's about having a passion for innovation, superior product design and service excellence.

Due to an increased focus in the area of digital marketing, the Global Marketing department is looking for a web developer. Responsibilities will include translation of design wireframes to code to bridge the gap between graphical design and technical implementation, ensuring optimized functionality.

SKILLS AND QUALIFICATIONS

- Proficient understanding of web markup, including HTML5, CSS3
- Basic understanding of server-side CSS pre-processing platforms, such as LESS and SASS
- Proficient understanding of client-side scripting and JavaScript frameworks, including jQuery
- Proficient understanding of cross-browser compatibility issues and ways to work around them
- Working knowledge of JavaScript libraries and frameworks, such as AngularJS, KnockoutJS, BackboneJS, ReactJS etc. considered an advantage
- Understanding of SEO principles considered an advantage

RESPONSIBILITIES

- Develop and collaborate on new user-facing features and services
- Build reusable code and libraries for future use
- Ensure the technical feasibility of graphic designs
- Optimize for maximum speed and scalability
- Collaborate with other team members and stakeholders worldwide

Please submit your application to www.ossur.is/jobs before 16 November. For further information about the position, please contact the HR department by calling 515-1300.



Jafnlaunaúttekt
PwC
2014

Össur is a global leader in non-invasive orthopaedics with around 2500 employees in 18 countries. Our Values are: Honesty – Frugality – Courage



WWW.OSSUR.COM



TM Software

Hefur þú brennandi áhuga á veflausnum?

JAVA FORRITARAR

Veflausnir TM Software leita að eldklárum Java forriturum til að vinna að spennandi og krefjandi verkefnum fyrir frábæran hóp viðskiptavina. Starfið felur í sér þróun vef- og viðskiptalausna á sviði ferðaþjónustu, vefverslana og þjónustukerfa. Unnið er einkum í Jsp, Git, Maven, Spring, Hibernate, Portlets 2.0 og Javascript s.s node.js.



Hæfniskröfur: Háskólamenntun í tölvunarfræði eða tengdum greinum. Fyrsta flokks forritunarhæfileikar. Frumkvæði, metnaður og lausnamiðuð nálgun. Tveggja ára starfsreynsla æskileg.

HUGBÚNAÐARPRÓFARI

Veflausnir TM Software leita að öflugum hugbúnaðarprófarum til að vinna að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum. Starfið felur í sér virkni- og viðmótsprófanir á veflausnum m.a. á sviði ferðaþjónustu, vefverslana og þjónustukerfa. Unnið er með teymi prófara og hugbúnaðarsérfræðinga



Hæfniskröfur: Háskólamenntun sem nýtist í starfi, a.m.k. tveggja ára reynsla af hugbúnaðarprófunum, frumkvæði, metnaður og nákvæmni. Sjálfstæð og ábyrg vinnubrögð. Góð færni í ritaðri íslensku og ensku.

UM TM SOFTWARE

TM Software er leiðandi fyrirtæki í hugbúnaðarþróun. Hjá okkur starfa 70 hugbúnaðarsérfræðingar.

STÓRT HJARTA

Við erum fjölskylduvæn og bjóðum sveigjanlegan vinnutíma. Okkur þykir líka vænt um umhverfið. Við flokkum sorp og höfum umhverfisvæna samgöngustefnu.



Endurmenntun

Viltu læra meira? Við bjóðum fullt af tækifærum til endurmenntunar sem hjálpar þér að vaxa í starfi.



Gott kaffi

Kaffihús með rjúkandi heitu úrvals kaffi á könnunni allan daginn.



Stelpur og strákar

Á Veflausnasviði TM Software eru 30% starfsfólks konur. Við bjóðum bæði kynin velkomin til starfa hjá okkur.

METNAÐUR OG STARFSFRAMI

Við filum fólk með metnað og bjóðum margvísleg tækifæri til starfsþróunar og tækifæri til að skara fram úr.

Sindri óskar eftir sölumanni

Við leitum að sölumanni í verslanir Sindra á höfuðborgarsvæðinu við sölu á verkfærum og tengdum búnaði. Starfið felur í sér tækniráðgjöf og tilboðsgerð fyrir viðskiptavinum.

Hæfniskröfur

- Reynsla af sölustörfum
- Rík þjónustulund
- Frumkvæði
- Öguð vinnubrögð

Starfslýsing

- Sala og þjónusta við viðskiptavinum
- Tilboðsgerð og ráðgjöf

Upplýsingar um starfið veitir Þórhildur M. Kristinsson í síma 575 0000 eða thk@sindri.is.

Umsókn skal skilað fyrir 20. nóvember.

Sindri er verslunar- og þjónustufyrirtæki á sviði byggingalausna, festingarvara, véla og verkfæra. Fyrirtækið var stofnað árið 1933 og er hluti af Johan Rönning sem rekur, auk Sindra, verslunar- og þjónustufyrirtækin Johan Rönning og Hebron.

Hjá félaginu starfa 80 starfsmenn í Reykjavík, Fjarðabyggð, Reykjanesbæ, á Akureyri og Selfossi.

Johan Rönning hf. er góður og eftirsóttur vinnustaður.



IBISEL - WS - VORLUNAR

| Skútuvogi 1 | Viðarhófi 6 | Bæjarhrauni 12 |
Sími 575 0000 • www.sindri.is

SINDRI

VOCAL

RESTAURANT

Icelandair hótelið í Keflavík óskar eftir ábyrgum og vinnusömum aðila í veitingastjórastöðu.

Icelandair hótelið í Keflavík óskar eftir að ráða veitingastjóra með mikla reynslu af veitingastörfum og með góða stjórnunarreynslu. Til starfssviðs veitingastjóra telst m.a. starfsmannahald, skipulaging vakta, starfsmannaþjálfun, birgðahald og önnur dagleg stjórnun á veitinga- og veisluþjónustu fyrirtækisins.

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi með góða stjórnunar- og leiðtogaþæfileika.

Nánari upplýsingar veitir Bergþóra Sigurjónsdóttir hóteltjóri í síma 421 5222.

Vinsamlegast sendið umsóknir á bergthora@icehotels.is



AÐSTOÐARDEILDARSTJÓRI Í SKÓDEILD

- ERT ÞÚ GÓÐ SÖLUMANNESKJA?
- HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á SKÓM?
- VERTU ÞÁ MEÐ OKKUR Í STÆRSTU ÍPRÓTTAVÖRUVERSLUN LANDSINS!

SPORTS DIRECT Leitar aðstoðardeildarstjóra í skódeild. Vinnutími er eftir samkomulagi en er í samræmi við opnunartíma verslunarinnar.

Hæfniskröfur:

Þjónustulund
stundvísi
skipulagni
samskiptahæfni

Góð laun í boði og veglegir bónusar

SPORTS DIRECT.COM

SÆKIÐ UM Á SPORTSDIRECT.RADA.IS

Læknastöður á Heilbrigðisstofnun Austurlands

FÖST STAÐA LÆKNIS Í HEILSUGÆSLU

Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) óskar eftir að ráða lækni með aðalstarfsstöð á Egilsstöðum. Um er að ræða 100% stöðugildi og veitist staðan frá 1. janúar 2016 eða eftir samkomulagi.

Austurland er stórt og dreifbýlt með um 11 þúsund íbúa, þar sem Heilbrigðisstofnun Austurlands sinnir allri heilsugæsluþjónustu á mörgum stöðvum og rekur líka Umdæmissjúkrahús Austurlands/FSN. Aðalstarfsstöð læknis er Egilsstaðir, miðlægt á Austurlandi. Þar er alþjóðlegur flugvöllur með millilandaflugi og heilsugæslan hefur tæplega 4000 íbúa á sínu svæði. Þar er mikil ferðamennska og svæðið, eins og allt Austurland, býður upp á fjölbreytt tækifæri til afþreyingar. Á stöðinni starfa nú tveir sérfræðingar í heimilislækningum, húðsjúkdómalæknir í 1/2 starfi (þjónar öllu Austurlandi) og afleysingalæknir. Þrjú námslæknar eru tengdir stöðinni. Annað fast fagfólk stöðvarinnar er m.a. hjúkrunarfræðingar, ljósmæður, sjúkraliðar, lífeindafræðingur, geislafræðingur, iðjuþjálfari og sjúkrahjálparar.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Almennar lækningar.
- Heilsuvernd.
- Vaktþjónusta.
- Kennsla nema.
- Þátttaka í vísindastarfi, gæða- og umbótaverkefnum.

Hæfniskröfur

- Leitað er að sérfræðingi í heimilislækningum eða eftir atvikum annarri sérgrein. Læknir með almennt lækningaleyfi kemur einnig til greina.
- Sjálfstæði í starfi, skipuleg og öguð vinnubrögð.
- Reynsla af og vilji til þverfaglegar samvinnu (teymisvinnu).
- Áreiðanleiki, faglegur metnaður, jákvæðni

og sveigjanleiki.

- Áskilinn er réttur til að hafna umsóknum frá einstaklingum sem ekki teljast uppfylla framangreind skilyrði.
- Íslenskukunnátta áskilinn.

Umsóknarfrestur er til 25. nóvember 2015.

Kjör fara eftir kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Umsóknum skal skilað á eyðublöðum sem fást á vef Embættis landlæknis; www.landlaeknir.is, til HSA, mannauðsstjóra, Lagarási 22, 700 Egilsstöðum.

Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu HSA við ráðningar. Umsókn fylgi staðfestar upplýsingar um

nám, starfsreynslu, kennslu og vísindastörf, ásamt afriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað. Mat HSA byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða tekin við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim. Tóbaksnotkun er ekki heimil á vinnutíma innan HSA.

Nánari upplýsingar veita:

Óttar Ármannsson, yfirlæknir Egilsstöðum, s. 470-3000, netf. ottar@hsa.is,
Emil Sigurjónsson, mannauðsstjóri, s. 470-3053 og 895-2488, netf. emils@hsa.is og
Pétur Heimisson, framkvæmdastjóri lækninga, s. 470-3052 og 860-6830, netf. petur@hsa.is.



AFLEYSINGALÆKNIR

Nú þegar er laus staða afleysingalæknis með aðalstarfsstöð á Egilsstöðum.

Tímalengd starfs er samkomulagsatriði. Helstu verkefni eru almennar lækningar, heilsuvernd og vaktþjónusta. Leitað er að lækni með almennt lækningaleyfi og lögð áhersla á áreiðanleika, faglegan metnað, jákvæðni og sveigjanleika.

Umsóknarfrestur er til 16. nóvember 2015.

Kjör fara eftir kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands. Umsóknum skal skilað á eyðublöðum sem fást á vef Embættis landlæknis; www.landlaeknir.is, til HSA, mannauðsstjóra, Lagarási 22, 700 Egilsstöðum.

Nánari upplýsingar veita:

Óttar Ármannsson, yfirlæknir Egilsstöðum, s. 470-3000, netf. ottar@hsa.is,
Emil Sigurjónsson, mannauðsstjóri, s. 470-3053 og 895-2488, netf. emils@hsa.is og
Pétur Heimisson, framkvæmdastjóri lækninga, s. 470-3052 og 860-6830, netf. petur@hsa.is.

HSA starfar á þremur fagsviðum; heilsugæslu-, hjúkrunar- og sjúkrasviði. Áhersla er lögð á samvinnu þvert á byggðarlög. Stofnunin þjónar rúmlega 11.000 íbúum frá Djúpvögi til Vopnafjarðar, auk ferðamanna sem sækja Austurland heim. Umdæmissjúkrahús Austurlands er í Neskaupstað. HSA vill byggja þjónustu sína á mannvirðingu, þekkingu og þverfaglegri samvinnu.



ERTU KLÁR Á ÞESSU?

GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR ÓSKAST!

Það er brjáláð að gera hjá okkur og við leitum að **frábærum grafískum hönnuði** til að vinna með okkur spennandi verkefni.

Helstu kröfur:

- Viðurkennd menntun og reynsla
- Hæfileiki til að vinna í hópi
- Sveigjanleiki og frumkvæði í starfi
- Sérfræðipekking á Photoshop, Illustrator og Indesign

Helstu verkefni eru:

- Hönnun alls kyns markaðsefnis
- Auglýsingagerð
- Stjórn á myndatökum
- Myndvinnsla
- Önnur tilfallandi verkefni

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á ghb@365.is

Umsóknarfrestur er til og með **10. nóvember 2015**.

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lifandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. Fyrirtækið starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; að sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og síma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa rúmlega 400 manns.

365

Technical Consultant

New and exciting projects for our global clientele calls for the expansion of our team of dynamic consultants.

Tasks include diverse projects in the field of DNS, DHCP and IP address management services and consulting.

Men & Mice provide expert services to large global organizations. Our company working environment is interesting, the projects demanding and the customers intriguing. The successful applicant should be able to work independently or as member of a team and preferably be in a position to travel abroad on occasion.

Requirements

- Education in the fields of engineering, computer science or experience relevant to the task
- Experience of servicing networks and/or virtual machines preferable
- Knowledge of Microsoft Active Directory and/or Linux crucial
- Excellent service and communication skills desirable
- First-rate English skills vital

Further information can be provided by Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) or Ari Eyberg (ari@intellecta.is) from Intellecta Recruitment at + 354 511 1225.

The closing date for applications is November 8, 2015.

All applications and enquiries are treated as confidential and will receive a reply. Applications should be completed on intellecta.is and should be accompanied by a CV.

Men & Mice is an established software company founded in 1990. Men & Mice develops universal software solutions for the global market. The company specializes in the development and sales of software solutions for IP address management in Microsoft, Linux and cloud environments. Our clients are large international organizations who need comprehensive DNS, DHCP and IPAM solutions. Clients include Microsoft, Intel, Xerox, HP, IMF, Sprint, Nestlé, Unilever, Monsanto, Bosch, T-Mobile and VMware.

menandmice.com

MEN&MICE



Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

Hugsar þú í lausnum?

Við leitum að skapandi skrifstofustjóra rekstrar- og mannauðsmála.

Menningar- og ferðamálasvið fer með framkvæmd menningar- og ferðamála hjá Reykjavíkurborg. Sviðið hefur yfirumsjón með starfsemi Borgarbókasafns Reykjavíkur, Borgarsögusafns Reykjavíkur, Höfuðborgarstofu og Listasafns Reykjavíkur. Sviðið hefur jafnframt umsjón með málefnum Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu, Listahátíðar í Reykjavík og Sinfóníuhljómveitar Íslands fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Menningar og ferðamálasvið sér um samninga, styrki og samskipti við lista- og menningarlífið og er borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyrir.

Sjá nánar um starfsemi og stefnumótun: <http://reykjavik.is/utgefid-efni-menningar-og-ferdamalasvid>.

Ábyrgðarsvið skrifstofustjóra:

- Rekstur og fjármál sviðsins þ.m.t. áætlanagerð, uppgjör og frávikagreining.
- Miðlæg mannauðsmál, þ.m.t. ráðgjöf ásamt framkvæmd og mótun mannauðsstefnu.
- Stefnumiðað árangursmat.
- Ýmis sérverkefni.
- Situr í framkvæmdastjórn sviðsins.

Starfið gerir kröfu um:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun æskileg.
- A.m.k. 5 ára stjórnunar- og rekstrarreynslu með áherslu á fjármál og mannauðsmál.
- Leiðtogaþæfileika og getu til að hvetja aðra til árangurs.
- Skipulagshæfni, nákvæmni og hæfileika til að vinna fjölbreytt verkefni undir álagi.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og ríka þjónustulund.
- Lausnarmiðað og skapandi viðhorf til viðfangsefna.
- Færni til að tjá sig skýrt í ræðu og riti ásamt góðri tungumálakunnáttu.
- Þekking á starfsumhverfi opinberrar stjórnsýslu er æskileg.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir því hvernig umsækjandi mætir ofangreindar kröfum.

Launakjör heyrir undir kjaraákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar og um ráðningarréttindi gilda reglur um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg. Viðkomandi þarf að geta hafið störf um áramót.

Næsti yfirmaður er sviðsstjóri Menningar- og ferðamálasviðs sem fer með framkvæmd menningar- og ferðamála hjá Reykjavíkurborg.

Nánari upplýsingar veita: svanhildur.konradsdottir@reykjavik.is og berglind.olafsdottir@reykjavik.is Sérstök athygli er vakin á markmiðum starfsmanna- og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem er að finna á www.reykjavik.is
Umsóknarfrestur er til og með 15. nóv.n.k. Umsóknir skulu sendar á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Laust starf

Grunnskóli Seltjarnarness – Skólaskjól

- **Tómstundafræðing vantar í Skólaskjól**, lengda viðveru fyrir nemendur í 1.-4.bekk.

Upplýsingar veita
Ólína Thoroddsen skólastjóri,
olina@grunnskoli.is og
Rut Hellenar, ruth@grunnskoli.is
forstöðukona Skólaskjól, sími 5959200.

Öllum umsóknum ásamt fylgiskjöllum skal skilað á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar - undir <http://www.seltjarnarnes.is> –Störf í boði

Umsóknarfrestur er til 10. nóvember næstkomandi.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélag.



Seltjarnarnesbær

www.seltjarnarnes.is

Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

Leikskólar

- Leikskólakennari í leikskólann Fífusali
- Leikskólakennari í leikskólann Sólhvörf

Nánari upplýsingar og fleiri störf er að finna á vef Kópavogsbæjar

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst www.kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is

Óskum eftir skrifstofustjóra/bókara

Þraut ehf er ungt og framsækið fyrirtæki í heilbrigðisþjónustu. Við erum að leita að skrifstofustjóra/bókara til starfa frá og með næstu áramótum í 70% - 80% starfshlutfall.

Leitað er að einstaklingi sem er talnaglögur, nákvæmur, samviskusamur og býr yfir góðri skipulags- og samskiptafærni.

Sjá nánar um helstu verkefni og hæfniskröfur á: www.thraut.is/um-thraut/storf

Umsóknarfrestur er til og með 15. nóvember n.k.. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Umsókn sendist á: Þraut ehf - miðstöð vefjagigtar og tengdra sjúkdóma, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík eða á sigrun@thraut.is

þraut^{ehf} - miðstöð vefjagigtar og tengdra sjúkdóma

Starfsfólk óskast

**DIRTY
BURGER
& RIBS**

Dirty burger and ribs leitar að starfsfólki í hlutastörf bæði í kvöld- og helgarvinnu sem og næturvinnu.

Okkur vantar bæði í sal og á grill.
Reynsla æskileg en ekki nauðsynleg.
Umsóknir sendist á Birgir@dbr.is

TÆKI.IS

Óska eftir að ráða bílstjóra með meirapróf til starfa.

Viðkomandi þarf að hafa meirapróf, vinnuvélaréttindi, getað bjargað sér í smáviðgerðum og hafa ríka þjónustulund, vera 25 ára eða eldri, hreint sakavottorð, reglusamur og stundvís skýrri.

Um 100% starf er að ræða og þarf viðkomandi að geta hafið stórf ljótlega.

Umsókn skal send fyrir 10. nóvember á netfangið taeki@taeki.is

TÆKI.IS

Óska eftir manni á verkstæði

Viðkomandi þarf að hafa meirapróf, vinnuvélaréttindi, og hafa reynslu af vinnuvéla- og vélavörðum, hreint sakavottorð, reglusamur og stundvís skýrri.

Um 100% starf er að ræða og þarf viðkomandi að geta hafið stórf ljótlega.

Umsókn skal send fyrir 10. nóvember á netfangið taeki@taeki.is



Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

Reykjavík
Grundartangi
Akranes
Borgarnes

Útboð

Faxaflóahafnir sf. óska eftir tilboðum í stálþil, stagefni og H-stálstaura fyrir nýjan Kleppsbakka:

Útboðið nefnist:

Kleppsbakki extension – Sundahöfn, Reykjavík
Steel Sheet Piles, Anchorage Material
and Steel H-Piles

Um er að ræða efniskaup fyrir 470 m langan stálþilsbakka sem tengist við eldri bakka ásamt stauraundirstöðum fyrir gámakrana.

Helstu magntölur eru áætlaðar:

Stálþil:	3.200 - 4.200 tonn
Stagefni:	550 - 700 tonn
Stálstaurar:	450 - 600 tonn

Útboðið er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu **Verkís hf.** að Ofanleiti 2, 103 Reykjavík frá og með þriðjudeginum 3. nóvember n.k.

Hægt er að fá gögnin afhent á rafrænu formi mánudaginn 2. nóvember með því að senda ósk um það á irh@verkis.is.

Tilboð verða opnuð á sama stað **fimmtudaginn 17. desember n.k. kl. 11:00.**



ERTU KLÁR Í VINNUFÖTIN?

Hebron var stofnað árið 1980 og er hluti af **Johan Rönning** sem hefur verið valið fyrirmyndarfirmi VR 5 ár í röð ásamt því að hljóta nafnbótina fyrirtæki ársins 2012, 2013, 2014 og 2015.

Johan Rönning hlaut einnig jafnlaunavottun VR árið 2013. Hjá Johan Rönning starfa 80 starfsmenn á sex stöðum á landinu. Fyrirtækið er góður og eftirsóttur vinnustaður þar sem mikið er lagt upp úr opnum og heiðarlegum samskiptum.



Hebron óskar eftir að ráða metnaðarfullan og sveigjanlegan söluráðgjafa til starfa. Um er að ræða mjög fjölbreytt og áhugavert starf sem felur í sér þjónustu, tilboðsgerð og sölu á vinnufatnaði.

Hæfniskröfur:

Þjónustulund

Samskiptahæfni og útsjónarsemi

Nákvæm, vönduð og sjálfstæð vinnubrögð

Reynsla af sölustörfum kostur

Tölvukunnátta

Upplýsingar um starfið veitir Kristín Linda Sigmundsdóttir í síma 567 6000 eða kristin@hebron.is.

Umsóknnum skal skilað fyrir 16. nóvember.

Hebron vinnufatnaður
Smíðjuvegi 1, grá gata

www.hebron.is
sími 567 6000

HEBRON
VINNUFATNAÐUR

VÉLVIRKJAR / VÉLSTJÓRAR



Vegna aukinna verkefna óskar Slippurinn Akureyri ehf. eftir metnaðarfullum og traustum einstaklingum sem hafa áhuga á margþættum og krefjandi verkefnum í vélsmiðju fyrirtækisins. Um framtíðarstörf er að ræða.

Starfssvið:

- Vélavíðgerðir skipa
- Þrýsti- og vökgvalagnir
- Uppsetning búnaðar
- Aðrar tilfallandi vélavíðgerðir

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Sveins- eða meistarábréf í vélstjórn/vélvirkjun
- Faglegur metnaður og öguð vinnubrögð
- Stundvís og áreiðanleiki
- Frumkvæði, sjálfstæði og útsjónarsemi í vinnubrögðum
- Sterk öryggisvitund
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Hvað veitum við:

Góðan aðbúnað hjá metnaðarfullu fyrirtæki í stöðugri sókn
Kraftmikinn og góðan hóp samstarfsfólks
Starfsþjálfun og símenntun

Umsóknarfrestur er til og með 14.11.2015

Leggja skal inn umsókn á www.slipp.is.
Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál.
Öllum umsóknnum verður svarað.

Nánari upplýsingar veitir: Kristján Heiðar Kristjánsson í síma 460 2900

Slippurinn
AKUREYRI

SLIPPURINN AKUREYRI EHF. • NAUSTATANGA 2 • 600 AKUREYRI • SÍMI: 460 2900 • WWW.SLIPP.IS



RÁÐGJAFI Í SÖLUDEILD



Öflugur ráðgjafi óskast í söludeild Brimborgar fyrir nýja og notaða Ford bíla.

Kynntu þér starfið nánar og sæktu um í dag á www.brimborg.is
Umsóknarfrestur er til 13. nóvember 2015.



Reikningshald rannsóknarverkefna Verkfræði- og náttúruvísindasvið

Laust er til umsóknar nýtt starf við reikningshald rannsóknarverkefna vegna aukinna umsvifa í rannsóknum á Verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands. Starfsmaðurinn verður hluti af fjármálateymi sviðsins.

Á Verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskólans leggja allir starfsmenn sitt af mörkum til kennslu, rannsókna og nýsköpunar. Starfsemi er fjölbreytt og spennandi og krefst hún skipulagshæfni og leikni í mannlegum samskiptum. Áhersla er lögð á þjónandi og hvetjandi starfsanda.

Starfssvið

- Áætlunargerð og eftirfylgni innlendra og alþjóðlegra rannsóknarverkefna
- Uppgjör og skýrslugerð rannsóknarverkefna
- Samskipti og þjónusta við stjórnendur rannsóknarverkefna
- Upplýsingamiðlun um rekstur verkefna

Nánari upplýsingar veita:

Sigvaldi Egill Lárússon, verkefnisstjóri fjármála, í síma 525 4606, sigvaldi@hi.is, og **Sigurður Guðnason**, framkvæmdastjóri Raunvísindastofnunar, í síma 525 4810, sgudna@hi.is.

